

Þriðjudaginn 31. október 1989.

Nr. 426/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhannesi Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. október 1989.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar. Verði úrskurður sakadóms staðfestur, er þess krafist, að dómurinn ákveði, með hvaða hætti gæsluvarðhaldi verði komið við, sbr. 70. gr. laga nr. 74/1974. Vart verði talin þörf á einangrun kærða á gæslutíma, og er þess krafist, að varnaraðila verði leyft að sitja gæsluna af sér í afplánunarfangelsi, sbr. heimildarákvæði 3. gr. laga nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Við rannsókn lögreglu vegna fjögurra kærna um skjalafals og fjársvik hefur varnaraðili játað að hafa falsað 16 tékka úr tékkheftum fjögurra manna. Hann er grunaður um að hafa falsað fimm aðra tékka, sem lögreglan hefur í sínum fórum. Þá segist hann sjálfur hafa falsað 18 til 23 tékka úr einu af áðurnefndum heftum, sem hafa ekki borist rannsóknarlögreglunni.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda er rannsókn á ætluðum brotum varnaraðila ekki enn lokið.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. október 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 26. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald, sem Jóhannesi Guðmundssyni gæslufanga, til lögheimilis að Köldukinn 25, Hafnarfirði, kt. 26.07.61-5529, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 22. október, allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Máttavextir.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi játað aðild sína að þeim skjalafalsbrotum, sem hann er grunaður um og nú eru til rannsóknar hjá RLR. Kærði hefur borið, að hann hafi staðið einn að öllum brotunum, en ekki kveðst hann muna, hvernig hann hafi komist yfir umrædd tékkhefti, þar sem hann hafi verið í mikilli óreglu undanfarið og verið í slagtogi með ýmsum þekktum afbrotamönnum. Rannsókn þessara mála er á frumstigi, og þykir ljóst, að kærði geti torvelað rannsóknina, verði hann nú látinn laus úr gæslu, enda eigi enn, samkvæmt upplýsingum kærða sjálfs, eftir að berast fjöldi tékka, sem hann hefur viðurkennt að hafa falsað. Ekki er heldur ljóst, hvort kærði hafi verið einn að verki, er hann falsaði tékka, eða hvort aðrir hafi verið í vitorði með honum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Sakaferill kærða er langur og samfelldur. Frá árinu 1977 hefur hann margsinnis komið við sögu vegna hegningarlagabrota og hlotið fjölmarga dóma fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals. Samkvæmt sakavottorði kærða hefur hann hlotið samtals 104 mánaða fangelsi.

Auk þeirra mála, sem nú eru til meðferðar hjá RLR, hafa sex kærúmál á þessu ári verið send embætti ríkissaksóknara til ákvörðunar, og hafa þegar verið gefnar út tvær ákærur á hendur kærða, sem enn eru ódæmdar, og nýlokið er máli á hendur honum í sakadómi Reykjavíkur, en þar hlaut kærði 30 daga fangelsisdóm. Ekki er ljóst, hvort þeim dómi verður áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Hins vegar hefur kærði áfrýjað dómi sakadóms Kjósarsýslu, upp kveðnum 28. mars sl., en þar var kærði dæmdur í 14 mánaða fangelsisvist fyrir skjalafals og fjársvik.

Af framansögðu er ljóst, að kærði er síbrotamaður, sem virðist ekki hafa vilja til að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti. Þykir hættu á því, að kærði taki upp fyrri iðju, verði hann nú látinn laus úr gæsluvarðhaldi, meðan ólokið er málum á hann, sem til meðferðar eru hjá dómstólum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og vísan til 1. og 5. tl.

1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við kröfu RLR og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram, allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.

Ekki verður kveðið sérstaklega á um meðferð og aðbúnað kærða á gæsluvarðhaldstímanum.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Jóhannes Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 6. desember nk. kl. 16.00.
